

Fundargerð

23. fundur fræðslu- og menningarnefndar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn 7. maí
2008 kl. 17:00.

Mætt: Guðni Örn Hauksson, Víkingur Jónsson, Soffía Björgvinsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Heiðrún Óladóttir, Helgi v. Tryggvason og Sigríður Jónsdóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Skýrsla skólastjóra Barnabóls.

Í dag eru 31 börn á Barnabóli, 17 á Stekk (eldri deild) og 14 á Seli (yngri deild). Fjögur börn fara í grunnskólann í haust, útlit fyrir að jafnmörg börn komi inn. Starfsmannahald Barnabóls: Vantar afleysingar í eldhús, vantar kennara í fullt starf næsta haust, Unnur Ósk hættir um sumarfrí. Framkvæmdir sumarsins. Steinunn kynnti stöðu mála, nefndin felur henni að fara yfir verkefnalista með sveitarstjóra og verkstjóra áhaldahúss. Starfsemi Barnabóls undanfarið og framundan. Steinunn kynnti þemaverkefni vetrarins og fyrirhuguð námskeið uppbyggingarstefnu.

2. Mál. Skýrsla skólastjóra grunnskólans á Þórshöfn.

Starfsemi grunnskólans undanfarið og framundan Samræmdum prófum er að ljúka, vorpróf hefjast eftir hvítasunnu. Síðasti skóladagur er 28. maí. Starfsmannamál. Ein umsókn liggur fyrir vegna þeirra fjögurra stöðugilda sem vantar í. Fyrirliggjandi umsókn er frá Hönnu Margréti Úlfsdóttur, Hvammi Þistilfirði. Nefndin mælir með ráðningu hennar. Framkvæmdaáætlun fyrir sumarið: Nefndin fór í gönguferð um skólann í fylgd skólastjóra og kynnti sér fyrirhugaðar endurbætur. Fræðslunefnd lýsir ánægju sinni með það átak sem er í gangi í viðhaldi grunnskólans.

3. Mál. Samstarf grunnskóla og leikskóla. Málið kynnt.

4. Mál. Skóladagatöl. Málið kynnt.

5. Mál. Tónlistarskólinn. Staða mála. Kynning skólastjóra.

6. Mál. Foreldrafélag GP, niðurstaða skoðunarkönnunar um gjaldtöku og skólabúninga. Guðni kynnti niðurstöðurnar.

7. Mál. Önnur mál.

- Staða mála varðandi uppbyggingarstefnuna.

Heiðrún og Steinunn sögðu frá fundi um uppbyggingarstefnu í Lundi fyrir skömmu. Undir þessum lið vék Heiðrún af fundi.

- Menningarmál. Erindi frá Karen vegna Kátra daga. Formanni falið að svara erindinu í takt við umræðuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.